

Ákærði hefur verið sviptur ökuleyfi ævilangt. Samkvæmt 1. mgr. 39. gr. bifreiðalaga sbr. 1. mgr. 24. gr. áfengislaga ber að svipta ákærða rétti til að öðlast ökuleyfi ævilangt frá birtingu dóms þessa. Refsing ákærða Gunnars Kristins þykir hæfilega ákveðin 3 mánaða fangelsi með hliðsjón af sakavottorði hans.

Ákærðu ber að dæma til að greiða allan sakarkostnað in solidum.

Skaðabótakröfur hafa ekki verið hafðar uppi gegn ákærðu í máli þessu.

Dómsorð:

Ákærði Eggert Kristjánsson sæti fangelsi í 6 mánuði.

Ákærði skal frá birtingu dóms þessa sviptur ævilangt rétti til að öðlast ökuleyfi.

Ákærði Gunnar Kristinn Hansen sæti fangelsi í 3 mánuði.

Ákærðu greiði allan sakarkostnað in solidum.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 12. nóvember 1956.

Nr. 146/1956. Ákærvaldið

gegn

Friðriki Alexanderssyni.

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason og Þórður Eyjólfsson og prófessorarnir Ármann Snævarr og Ólafur Jóhannesson.

Kærumál. Birting ákæruskjals. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Hinum kærða úrskurði hefur verið skotið til Hæstaréttar af hálfu ákærða með kæru 31. október þ. á., sbr. 10. tl. 172. gr. laga nr. 27/1951, og hefur dómsmálaráðherra veitt samþykki sitt til kærunnar, sbr. 124. gr. sömu laga.

Ákærði kom sér úr landi í júnímánuði s.l., og er að sögn nú skipverji á skipi í Canada. Gögn málsins bera hins vegar ekki með sér, hver muni vera dvalarstaður ákærða

erlendis. Birting ákæruskjals á hendur ákærða skal því fram fara með þeim hætti, er getur í 117. gr. laga nr. 27/1951. Ber því að staðfesta hinn kærða úrskurð að niðurstöðu til.

Málflutningslaun talsmanns kæranda fyrir Hæstarétti, kr. 400.00, greiðist úr ríkissjóði.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Málflutningslaun talsmanns kæranda fyrir Hæstarétti, Sigurðar Ólasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 400.00, greiðist úr ríkissjóði.

Sératkvæði

Ólafs Jóhannessonar prófessors.

Sé ákæruskjal eigi birt fyrir dómi fer um birtingu þess eftir reglum þeim, er gilda um stefnubirtingu almennt. Skal því ákæruskjal birt fyrir sökunaut sjálfum, ef þess er kostur. Verði því eigi við komið, en þó er kunnugt um lögheimili sökunauts eða dvalarstað hér á landi, á að birta ákæruskjal á lögheimili ákærða, skrifstofu hans eða vinnustofu, ef slíkum starfsstofum er til að dreifa, fyrir þeim, er til sama heimilis teljast, en ef ekki er þeirra kostur, þá fyrir sambýlisfólki hans eða samstarfsfólki á skrifstofu eða vinnustofu, sbr. 4. málsg. 115. gr. og 116. gr. laga nr. 27 frá 5. marz 1951 og 1. málsg. 95. gr. og 2. málsg. 96. gr. laga nr. 85 frá 23. júní 1936. Ákærði var að vísu farinn af landi brott, er ákæruskjal máls þessa var birt, og er nú talinn vera skipsmaður á kanadisku skipi, en við rannsókn málsins hafði hann komið fyrir dóm og tjáð sig um sakaratriði, svo sem segir í hinum kærða úrskurði. Mátti honum vera ljóst, að til ákæru gæti komið. Ákæruskjal var birt á lögheimili ákærða fyrir föður hans. Þegar virtar eru allar aðstæður í máli þessu, verður að telja, að lögleg birting ákæruskjals hafi farið fram.

Ályktarorð mitt er því:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 29. október 1956.

Ár 1956, mánudaginn 29. október, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Sveini Snorrasyni, kveðinn upp úrskurður í máli ákæruvaldsins gegn Friðriki Alexanderssyni, en mál þetta var tekið til dóms eða úrskurðar sama dag.

Málsatvik eru þessi:

Með ákæruskjali dómsmálaráðherra, dags. 8. ágúst s.l., er Friðrik (Tómas) Alexandersson nemandi, Laugarnesvegi 78, hér í bæ, ákærður fyrir árás á Matthías Eyjólfsson bílstjóra, Smyrilsvegi 28, á dansleik í Breiðfirðingabúð rétt eftir miðnætti aðfaranótt sunnudags 18. desember 1955 og slá þannig Matthías 2—4 högg í andlitið, að gómur og tvær framtennur brotnuðu, og á neðri vör sprakk fyrir, en brot þetta er talið varða við 218. gr. hegningarlaganna.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, greiðslu skaðabóta og sakarkostnaðar.

Tilkynning um þingfestingu málsins var rituð á ákæruskjal. Samkvæmt því var málið þingfest í sakadómi Reykjavíkur föstudaginn 19. október s.l., kl. 10 árdegis.

Ákæruskjalið með áritaðri tilkynningu um þingfestingu málsins var birt af Davíð Hálfðánarsyni lögreglumanni á lögheimili ákærða, Laugarnesvegi 78 A, fyrir föður ákærða, Alexander A. Guðmundssyni, sem þar býr, og honum jafnframt afhent afrit ákæruskjalsins með áritun ákvörðunar um þingfestingu. Sama dag mætti nefndur Alexander í skrifstofu dómara og kvaðst óska þess fyrir hönd sonar síns, að Sigurður Ólason hrl. yrði skipaður verjandi ákærða í málinu. Er birtingarvottorð og yfirlýsing ákærða rituð á ákæruskjalið, sem lagt hefur verið fram í máli þessu sem dskj. nr. I.

Í samræmi við framanritað var Sigurður Ólason hrl. skipaður verjandi ákærða og honum send afrit dómsskjala. Við þingfestingu málsins var verjandi forfallaður vegna málflutnings í Hæstarétti, en hann sendi dóminum greinargerð eða bókun, sem lögð var fram við þingfestinguna, þingmerkt og tölusett nr. VII.

Gerir verjandi þar þær kröfur, að málinu verði vísað frá dómi, en honum úrskurðuð þóknun af almannafé fyrir vörn sína eða réttargæzlu.

Rökstyður verjandi frávisunarkröfu með því, að ákæruskjal hafi ekki verið birt á lögformlegan né löglegan hátt. Telur hann, að samkvæmt almennum viðurkenndum réttarfarsreglum í nútímaréttarþjóðfélagi komi ekki til mála að leggja dóm á sakamál,

nema ákæra hafi verið birt fyrir sökunaut sjálfum og/eða á annan hátt eftir lögformlegum reglum.

Telur hann, að það grundvallarskilyrði liggi ekki fyrir í þessu máli, og verði því ekki komiðt hjá því að vísa málinu frá dómi að svo stöddu, og vísar hann um þetta atriði til 4. mgr. 115. gr. laga 27/1951 og 76. gr. sömu laga, sem hann telur gera ráð fyrir því, að birting fari fram fyrir sökunaut sjálfum. Sjálfur sé ákærði í Vesturheimi og ekki væntanlegur næstu ár.

Samkvæmt 2. mgr. 124. gr. laga nr. 27/1951 var dómsmálaráðherra veittur kostur á að tjá sig um frávísunarkröfuna. Í bréfi Dómsmálaráðuneytisins, dags. 23. þ. m., telur ráðuneytið, að eigi beri að taka til greina kröfu verjanda um frávísun málsins. Mælið ráðuneytið svo fyrir, að máli skuli fram haldið í samræmi við fyrri fyrirsmæli þess. Rökstuðningur ráðuneytisins um, að synja beri frávísunarkröfu, er þannig:

„Í 117. gr. laga 27/1951 um meðferð opinberra mála er heimild til að birta ákæru í Lögbirtingablaði, ef ókunnugt er um dvalarstað ákærða, en mál hans sætir lögsögu íslenskra dómstóla. Virðist því nægilegt, að ákæra sé birt á lögheimili ákærða, þótt það sé eigi gert fyrir honum sjálfum, enda segir í 116. gr. nefndra laga, að tilkynningar megi birta á sömu stöðum, sem í lögum um meðferð einkamála í héraði greinir. Væntanlega er þá nægilegt að afhenda þeim, er ákæruskjal er birt, eftirrit þess, sbr. 96. gr. laga um meðferð einkamála í héraði.“

Samkvæmt vottorði manntalsskrifstofunnar í Reykjavík, dags. 25. október s.l., hefur ákærði, Friðrik Tómas Alexandersson, f. 24/6 1933, átt lögheimili að Laugarnesvegi 78 A, þegar birting ákæruskjalsins fór fram hinn 11. október, en samkvæmt tilkynningu til manntalsskrifstofunnar frá 9. júní s.l. er ákærði farinn til Canada, þar sem hann mun vera skipsmaður á e/s Lionna, St. John N.B., Canada, en lögheimili er áfram á Laugarnesvegi 78 A. Dómurinn telur það ekki orka tvímælis, að ákæra hafi verið birt á lögheimili ákærða fyrir föður hans, og lítur svo á, að verjandi véfengi ekki þá staðreynd, heldur heimild til birtingar, að ákærða fjarstöddum og af einum lögreglumanni, með þeim hætti, sem að framan er greint.

Samkvæmt 4. mgr. 115. gr. laga 27/1951 lætur dómari birta ákæruskjal „fyrir ákærðum með venjulegum hætti eða fyrir dómi.“ Ritar hann á ákæruskjal ákvörðun sína um þingfestingu. Í samræmi við 76. gr. og 116. gr. sömu laga eru slíkar tilkynningar nægilega birtar af lögreglumanni eða einum stefnuvotti. Máli

Þessu verður því ekki vísað frá dómi af þeirri ástæðu, að einungis einn lögreglumaður hafi framkvæmt birtinguna né heldur af þeirri ástæðu, að ekki hafi verið birt á réttum stað, sbr. 116. gr. laga 27/1951 og enn fremur 95. gr. einkamálalaga nr. 85/1936.

Verður nú vikið að því, hvort nauðsyn hafi borið til, að ákæruskjal væri birt fyrir ákærða sjálfum.

Í 113. gr. laga 27/1951 er berum orðum tekið fram, að kvaðningu samkvæmt þeirri grein beri að birta fyrir sökunaut sjálfum, enda hefur hann þá aldrei fyrr komið fyrir dóm vegna kærunnar og því ekki átt kost á að tjá sig um sakaratriði. Í máli þessu er rannsókn lokið, ákærði hefur tjáð sig um sakaratriði og m. a. viðurkennt að hafa slegið kæranda málsins tvö högg í andlitið, svo sem í ákæruskjali segir. Eru litlar líkur til þess, að hann myndi breyta framburði sínum um sakaratriði nú, enda tæplega við því að búast, að þau standi honum nú skýrar fyrir hugskotssjónum en þá, er hann mætti í dómi við rannsókn málsins 5. janúar s.l.

Það virðist tilætlan löggjafans og enda eðlilegast, að dómur sé látinn ganga í opinberu máli sem fyrst, eftir að rannsókn er lokið og ákærði hefur tjáð sig um sakaratriði, en óheppilegt talið, að mál dragist af þeim sökum einum, að ákærði finnst ekki, eftir að málssókn á hendur honum er ákveðin. Enda er það einsýnt, þegar virt eru ákvæði 117. gr. margnefndra laga, að löggjafinn ætlast til þess, að heimilt sé að reka opinber mál fyrir dómi, þó að sökunautur sé fjarstaddur, en það skilyrði er sett fyrir birtingu á þann hátt, sem í grein þessari er ákveðið, að ákæra verði ekki birt með venjulegum hætti, sakir þess að óvíst er um sökunaut eða dvalarstað hans. Ekki er þó öruggt, að birting ákæru komist ávallt til vitundar sökunauts.

Öllu meiri trygging er fengin fyrir sökunaut, að efni ákæruskjals komist til vitundar hans og að gætt verði hagsmuna hans, þegar birting hefur farið fram á lögheimili hans og fyrir nánasta venzlamanni hans, svo sem gert hefur verið í máli þessu. Telur dómurinn enda rétt í samræmi við það, sem nú hefur verið rakið, að skýra beri orðin „birta fyrir sökunaut með venjulegum hætti“ í 4. mgr. 115. gr. með hliðsjón af 116. gr., þannig að hinar almennu birtingarreglur í lögum 85/1936 um meðferð einkamála í héraði gildi einnig um opinber mál, eftir því sem við á, sbr. einkum 1. mgr. 95. gr. og 96. gr. síðastnefndra laga.

Þykir birting ákæruskjals í máli þessu því hafa verið í samræmi við 4. mgr. 115. gr. og 116. gr. laga 27/1951, og verður frá-

vísunarkrafa sú, er fram hefur komið frá verjanda, eigi til greina tekin.

Um málskostnaðarkröfuna verður fjallað í væntanlegum efnisdómi í máli þessu.

Ályktarorð:

Framkomin frávísunarkrafa verður ekki tekin til greina.

Priðjudaginn 13. nóvember 1956.

Nr. 110/1956. **Ákærvaldið** (Einar B. Guðmundsson)

gegn

Benedikt Ragnari Sigurðssyni

(Egill Sigurgeirsson).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og Teodór B. Lindal prófessor.

Nauðgun.

Dómur Hæstaréttar.

Theódór S. Georgsson, fulltrúi bæjarfógeta í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Með skírskotun til raka héraðsdóms þykir mega staðfesta hann.

Ákærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1500.00 til hvors.

D ó m s o r ð :

Héraðsdómurinn á að vera óraskaður.

Ákærði, Benedikt Ragnar Sigurðsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Einars B. Guðmundssonar og Egils Sigurgeirssonar, kr. 1500.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.